

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 481/1997.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

Eggert Karvelssyni

(Örn Clausen hrl.)

Kynferðisbrot. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 26. nóvember 1997. Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngri refsingar en í héraðsdómi. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða kæranda 1.000.000 króna í skaðabætur.

Ákærði krefst aðallega sýknu og frávísunar bótakröfu. Til vara krefst hann vægustu refsingar, sem lög leyfi, og lækkunar bótafjárhæðar frá héraðsdómi. Til þrautavara krefst ákærði þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Héraðsdómur var kveðinn upp af þremur héraðsdómurum samkvæmt heimild í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994. Ágreiningur varð um sakarmat, og er í héraðsdómi gerð grein fyrir séráliti eins dómarans. Var það einnig kynnt við uppkvaðningu dómsins. Réttara hefði verið, að sá dómari, er varð í minni hluta og vildi sýkna ákærða, hefði skilað sérstöku atkvæði, sem birt hefði verið og kynnt samhliða héraðsdómi, sbr. 3. mgr. 136. gr. laga nr. 19/1991. Þetta nægir þó ekki til þess, að héraðsdómur verði ómerktur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein taka fram, að þeir telji refsingu ákærða frekar eiga að vera 18 mánaða fangelsi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. október 1997.

Mál þetta var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 26. ágúst sl., á hendur Eggert Karvelssyni, kt. 220564-4529, Smyrlahrauni 10, Hafnarfirði. Ákærði er í ákæru sakaður um „... nauðgun með því að hafa um sjöleytið sunnudagsmorguninn 16. febrúar 1997 þröngvað konunni X með ofbeldi til holdlegs samræðis í íbúð hennar á annarri hæð í fjölbýlishúsinu . . . , Keflavík“.

Er þetta talið varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Ákæruvald krefst refsingar og að ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun. Þórdís Bjarnadóttir hdl. f. h. X, f. 1967, krefst greiðslu miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., með dráttarvöxtum frá 19. febrúar 1997 til greiðsludags og málskostnaðar.

Ákærði krefst sýknu og frávísunar skaðabótakröfu, en til vara vægustu refsingar og að skaðabótakrafa verði lækkuð verulega. Verjandi krefst jafnframt hæfilegra málsvarnarlauna og að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Málið var dómtekið 13. október sl.

Ákærði og eiginkona hans, S, voru að skemmta sér í Keflavík aðfaranótt 16. febrúar 1997. Með þeim voru að skemmta sér hluta kvöldsins þau D, G, B, J, P og X. Voru þau í teiti hjá D fram eftir kvöldi. Um klukkan ellefu fóru ákærði og eiginkona hans heim til X og dvöldust hjá henni í um klukkustund. Ákærði og S hafa í skýrslum sínum fyrir dómi sagt, að X hafi þarna sagt ýtarlega frá samskiptum sínum við ýmsa karlmenn, er hún hafi tilgreint, og lýst líkamsbyggingu þeirra svo og kynlífi sínu með þeim. Frá X fóru þau síðan á veitingahúsið Rána og síðar um nóttina á veitingastaðinn Strikið. Er veitingastöðum var lokað, fór hópurinn heim til D. Fór ákærði þá og sótti áfengi, en segir allt hafa verið komið í háaloft, er hann kom til baka. Hafi þau dvalist þarna fram yfir klukkan fimm um morguninn. Segir ákærði, að X hafi endilega viljað, að þau S gistu hjá sér, og boðið þeim að sofa í sínu rúmi. Komið hafi í ljós, að X var lykllaus, og fór hún að sækja aukalykla, en þau S lánuðu henni skó og frakka. Fóru þau S þá heim til for-

eldra S, þar sem þau ætluðu að gista. Fór S fljótlega að sofa, og ákærði byrjaði að háttu sig. Segir ákærði, að hann hafi þó ekki verið tilbúinn til að fara að sofa, og hringdi hann til X, svo sem síðar verður vikið að.

S, eiginkona ákærða, segir í skýrslu sinni, að hún hafi haldið, að ákærði væri að fara að sofa um leið og hún. Hún hafi verið mjög syfjuð og sofnað fljótt. Er hún vaknaði, hafi ákærði verið sofandi í sófa í stofunni.

Samkvæmt framburði ákærða og X hringdi hann í hana, fljótlega eftir að hún var komin heim til sín, og boðaði komu sína til að ná í úlpu og skó. Ber þeim ekki saman um, hvað þeim fór á milli í símann. Segir ákærði, að hún hafi ekki haft neitt á móti því, að hann kæmi, en hún kveðst hafa sagt, að hann skyldi koma daginn eftir. Framburður þeirra er síðan ósamhljóða um atvik, er gerast, eftir að ákærði kemur á heimili X. Íbúð foreldra S er í sama fjölbýlishúsi og íbúð X.

Ákærði segir fyrir dómi og í lögregluskýrslu 14. mars, að X hafi opnað fyrir sér og hleypt sér inn. Hún hafi sagt frakkann og skóna vera til þerris. Þau hafi skipst á nokkrum orðum, en síðan hafi þau byrjað að „kela“. Það hafi verið samstiga, án sérstaks frumkvæðis annars hvors. Við þetta hafi þau síðan fært sig í átt að svefnherberginu og lagt upp í rúmið, og var hann ofan á, en bæði í fötum. Sér hafi risið hold, en síðan hafi það hætt. Hún hafi byrjað að fróa sér utan klæða og beðið hann að hjálpa sér, en hann neitað. Ákærði segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að hann hafi þarna kysst hana á bolinn, ofan við maga og neðan við brjóst, og sagt við hana, að þetta myndi aldrei gerast aftur. Hann hafi síðan staðið upp og farið, en hún kallað á eftir sér og beðið sig að koma aftur. Hann hafi þá farið heim til tengdaforeldra sinna og lagt sig í sófann í stofunni og sofnað.

X lýsir atvikum nokkuð á annan veg. Hún kveðst hafa sagt við ákærða, er hann hringdi til sín, að hann skyldi ekki koma. Hann hafi samt komið. Hafi hún ætlað að fá honum frakkann frammi við dyr, en hann þröngvað sér inn fyrir, ruðst inn og byrjað að kyssa sig, en hún snúið höfðinu undan, svo að hann kyssti á háls sér. Hún hafi eins og ætíð áður, er hann hafi áreitt sig, reynt að losna við hann með góðu. En Eggert hafi ekki hlustað á sig, heldur haldið áfram og leikurinn borist inn eftir ganginum. Hafi hann þar á ganginum reynt að fella sig á gólfið, en hún staðið af sér þá tilraun. Hann hafi þá lyft sér og komið sér inn í svefnherbergi. Hún hafi reynt að grípa í hurðarkarminn, en hann rykkt sér lausri og komist með sig inn í herbergið og lagt sig á rúmið. Hún hafi verið í bol og síðum silkináttbuxum. Hafi þau tekist þar á, hann reynt til skiptis að draga niður um sig buxurnar og draga upp bolinn, en hún reynt að halda hvoru tveggja í skorðum. Hafi hann svo haft sig undir, þannig að fætur sínir námu við öxl hans. Hafi þau

verið í þessum áflogum góða stund, og telur X, að ákærði hafi þá verið kominn úr buxum sínum. Telur hún, að hún hafi sparkað í andlit hans, meðan á þessu stóð, og að blætt hafi úr. Loks hafi ákærði tekið um hendur sér og skorðað undir hnjám sér, náð buxum sínum niður og komið getnaðarlimnum inn í leggöng sín í tvígang, en þá hafi hún náð að koma honum af sér. Hafi hún orðið mjög reið og sagt við hann, að hann skyldi bara fróa sér sjálfur. Hafi hún þóst vera að fróa sjálfri sér, en hann beðið hana að hjálpa sér, en hún sagt honum, að hann skyldi gera það sjálfur. Loks hafi hann tekið sig saman og farið, en áður hafi hann verið búinn að kveikja sér í sígarettu, og fékk hún „smók“ hjá honum. Í skýrslu hennar kom fram, að hún hefði allan tímann litið á hann sem vin sinn og ekki viljað beita hann of mikilli hörku. Hafi hún allan tímann reynt að tala hann til og fá hann til að hætta.

X segir, að ákærði hafi oft áður áreitt sig, þó eingöngu, er hann hafi verið undir áhrifum áfengis og S, kona hans, ekki verið nærri.

X kvaðst hafa verið mjög miður sín eftir atburðinn. Hún hafi byrjað að hreyfa málinu með því að tala við sína nánustu og hafi hringt í S, eiginkonu ákærða, til að ræða við hana, en nefndi ekki atburðinn við hana. Hafi hún reynt að bæja þessu frá sér, en að lokum séð, að það gengi ekki, og ákveðið að kæra atburðinn. Lýsti hún líkamlegu ástandi sínu m. a. með því, að hún hefði ekki haft stjórn á þvagláti fyrst eftir atburðinn.

Ákærði var yfirheyrður að morgni 20. febrúar. Er bókað þar í byrjun, eftir að sakarefnið er kynnt: „Mætti kveðst þverneita að hafa framið þann verknað, sem hann er kærður fyrir.“ Síðan lýsir hann atburðarás um kvöldið og kemur að því, að kona hans er farin að sofa, en hann kveðst ákveða að fara yfir til X og sækja skóna og frakkann. Spurður um, hvernig hann hafi vitað, að X væri komin heim, kvað hann sér hafa fundist á henni, að hún yrði enga stund að sækja lykla, og er hann fór, hafi verið liðnar 20 – 30 mínútur, frá því að hún fór að sækja lyklana. Síðan segir í skýrslunni, að hann hafi farið inn til hennar, staldrað við í um 15 mínútur og farið svo aftur, en ekki tekið með sér skóna og frakkann, þar sem hún hafi sagt fötin vera til þerris. Hann neitar því í skýrslunni, að eitthvað kynferðislegt hafi verið milli þeirra. Í lok skýrslunnar, eftir að ákærði hafði lesið hana yfir, er skráð athugasemd hans um, að hann muni nú, að hann hafi hringt í X, áður en hann fór yfir til hennar. Hafi lítið farið á milli þeirra í símanum, en hún bara sagt: „Allt í lagi“, – er hann kvaðst ætla að sækja fötin.

Ákærði var vistaður í fangageymslu þennan dag, en var tekinn til skýrslutöku að nýju undir kvöld. Var þar borinn undir hann framburður X. Neitar hann þar, að nokkuð hafi gerst á milli þeirra, og segir, að til engra átaka

hafi komið. Hafi ekkert gerst í líkingu við það, er X haldi fram, og ítrekar framburð sinn frá því um morguninn.

Eiginkona ákærða gaf vitnaskýrslu hjá lögreglu 20. febrúar sl., sem hún staðfesti fyrir dóminum. Var hún innt eftir því, hvort hún hefði vitað til þess, að eitthvert kynferðislegt samband hefði verið milli eiginmanns hennar og X. Svaraði hún því til, að þegar hún hugsði betur út í þetta, þá hafi í þau skipti, sem hún hafi orðið afbrýðisöm vegna einhverra gerða Eggerts, það verið út af X. Hafi sér stundum fundist sem samskipti þeirra hafi verið of nánin, þó að hún hafi ekki haft neina vissu fyrir því, að neitt kynferðislegt samband hafi verið á milli þeirra.

X og vitni skýra frá því, að hún hafi dottið tvisvar þetta kvöld. Annað sinnið virðist sem hún hafi hrasað og borið hendur fyrir sig á bifreið, en síðar fallið fram fyrir sig og borið höndina fyrir sig. Vitni merktu ekki, að hún hefði meiðst sérstaklega.

Blóðblettur á bol X var rannsakaður. Í álitsgerð Gunnlaugs Geirssonar prófessors, dags. 3. júní sl., segir, að blóðið samræmist því að vera úr ákærða, og séu líkurnar fyrir því geysisterkar.

Við yfirheyrslu 20. febrúar var ákærði krafinn um þau föt, er hann hefði verið í um nóttina. Var honum ekið að heimili hans, og afhenti hann þar bláa skyrtu, hálsbindi, buxur og jakka. Daginn eftir komst lögreglan á snoðir um, að ákærði hefði verið í grænni peysu, er hann fór heim til X. Reyndi lögreglan þá að ná í peysuna, en ákærði afhenti hana á lögreglustöðinni í Keflavík sama dag.

X leitaði á neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. Er skráð, að hún hafi komið þangað miðvikudaginn 19. febrúar klukkan 16.30. Frásögn hennar er handskrifuð, og er hún mjög í samræmi við skýrslu, er hún hafði gefið hjá lögreglu og gaf síðan fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Í niðurstöðum læknis, Jóhönnu Jónasdóttur, segir:

„Sjúkl. kemur 3½ sólhr. eftir árás. Er fól og þreytuleg, líður greinilega illa bæði á líkama og sál, er svipbrigðalaus og rær sér órólega á stólnum, meðan á samtali stendur. Segir vel frá aðdraganda og árás. Eymsli í brjóstvöðvum og lærisvöðvum, og kemur það vel saman við lýsingu á atburðinum. Í áflogum, sem urðu, rak konan hnéð í andlit mannsins, svo að úr blæddi, og var blóðblettur á náttbol konunnar, sem lögreglan hefur fengið. ...“

Jóhanna Jónasdóttir gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Taldi hún ótvírætt, að mjúkáverkar hefðu verið við skoðun. Slíkt væri ekki hægt að gera sér upp við skoðun læknis. Staðfesti hún, að áverkarnir kæmu vel saman við lýsingu hennar á atburðum, en taldi ósennilegt, að þeir stöfuðu af því, að hún hefði dottið og borið höndina fyrir sig.

Af neyðarmóttökunni var X vísað til Ragnheiðar Indriðadóttur sálfræðings. Í bréfi til sýslumannsins í Keflavík lýsir hún ástandi X m. a. svo:

... Líðan X eftir þennan atburð var bágborin. Hún treysti sér ekki til vinnu og var „lurkum lamin á sál og líkama“ að eigin sögn. Hún missti matarlyst og svaf órólega. Hún hafði tilhneigingu til að einangra sig og átti erfitt með að fara út á meðal fólks. Henni fannst hún ekki ráða við daglegt líf sitt. X býr ein með fimm ára syni sínum og treysti sér illa til að sinna honum fyrstu vikuna eftir atburðinn. Hún kom honum því fyrir hjá systur sinni. Þetta ástand vanmáttar og tilfinningalegs ójafnvægis varaði í u. þ. b. tvo mánuði eftir áfallið.

X hefur komið til mín í átta viðtöl eftir þennan atburð og hefur náð nokkuð vel að vinna með og ná tökum á daglegu lífi sínu að nýju. En ég tel nokkuð ljóst, að þetta áfall hefur haft djúpstæð áhrif á tilfinningalega líðan hennar. Í viðtölunum kemur X mér fyrir sjónir sem vel rökhugsandi einstaklingur og í ágætum tengslum við tilfinningalega líðan sína.“

Ragnheiður Indriðadóttir kom fyrir dóm, og staðfesti hún þessa frásögn sína.

Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi voru hljóðritaðar. Við athugun kom í ljós, að upptaka á kafla úr framburði X hafði misfarist. Dómarar töldu ekki tilefni til, að frekari skýrslur yrðu teknar, þar sem stutt var liðið frá aðalmeðferð og þeir töldu sig hafa skýra mynd af framburði hennar.

Niðurstaða.

Framburður ákærða hefur breyst nokkuð, frá því að hann gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu. Þá hélt hann því fram, að ekkert kynferðislegt samband hefði verið með sér og X, er hann fór til hennar, að eigin sögn til að sækja fót þau, er hún fékk að láni. Við skýrslugjöf fyrir dómi benti hann á, að hann hefði ekki óskað eftir að hafa lögmann viðstaddan yfirheyrsluna, þar sem hann hefði ekki talið málið alvarlegt, en síðar gert sér grein fyrir því og þá ákveðið að segja ekki neitt.

Þessi skýring á breyttum framburði er ekki trúverðug. Frumskýrslur hans hjá lögreglu bera ekki með sér annað en hann hafi gefið skýrslu af fúsum og frjálsum vilja og svarað öllum spurningum. Þá er ekki sennileg skýring hans á því, að blætt hafi úr vör hans af völdum ísmola, er hann hafi brutt. Skýring hans á því, hvernig blóð hans komst í bol X, kom ekki fram hjá honum fyrr en við aðalmeðferð málsins, löngu eftir að hann hafði tækifæri til að kynna sér gögn þess, þ. á m. niðurstöðu DNA-rannsóknar, sem sýndi, að blóðið á bol X var úr honum komið. Þessi skýring kom ekki fram í skýrslu ákærða hjá lögreglu 14. mars. Þá er þessi skýring hans ekki sannfær-

andi. Sagði ákærði fyrir dóminum, að hann hefði smellt kossi á náttbol X, ofan við maga og neðan við brjóst. Þeir blóðblettir á bolnum, sem reyndust stafa frá ákærða, voru á tveimur svæðum, annars vegar u. þ. b. sex sentímetra langt og u. þ. b. eins sentímetra breitt svæði nálægt brjósthæð og auk þess þrjú litlir blettir á tveggja sentímetra löngu svæði við hálsmál.

Framburður X hefur verið staðfastur. Er skýrsla hennar fyrir dómi óbreytt frá skýrslu, er hún gaf hjá lögreglu 19. febrúar, en aðrar skýrslur voru ekki teknar af henni. Þá eru skýrslurnar í samræmi við frásögn, sem skráð er eftir henni á neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur 19. febrúar. Fyrir dómi kom þó fram sú viðbót við fyrri skýrslu, að hún hefði, eftir að hún hafði komið ákærða af sér, látið líta svo út sem hún væri að fróa sér og með því vonast til að fá ákærða til að hætta atlögu sínum.

Í frumskýrslu X 19. febrúar lýsir hún því, að hún hafi rekið annan fótinn í andlit ákærða, er hann þjarmaði að henni í rúminu, og hafi blætt úr. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 14. mars var ákærða skýrt frá blóðbletti á bol X og þeim framburði hennar, að blóðið væri sennilega úr honum komið. Er því næst bókað eftir honum: „... að ef þetta blóð sé úr sér, hafi það líklegast komið úr örlitlu sári á vör sér. Kveðst hann ekki vera viss, hvernig á þessu sári stóð, en allt umrætt kvöld hafi hann verið að sleikja á sér vörina og þetta sár“. Síðan er í yfirheyrslunni bókaður hinn breytti framburður ákærða, er áður greinir.

Skýring ákærða á erindi sínu til X er ekki trúverðug.

Læknir hefur staðfest mjúkáverka á X og lýst því álitinu sínu, að þeir hafi sennilega ekki komið til við fall, en geti komið heim og saman við lýsingu hennar á atlögu ákærða.

Ákærði afhenti ekki peysu, er hann hafði verið í, þó að honum hefði verið skýrt rækilega frá því, hvert kæruefnið væri, og hefði verið yfirheyrður tvisvar um það. Gat hann ekki verið í vafa um, að rannsaka ætti þau föt, er hann var í, þegar hann heimsótti X.

Við rannsókn á fötum þeim, sem ákærði afhenti lögreglu sjálfviljugur og eftir að lögregla hafði gengið eftir, að yrðu afhent, kom í ljós, að tölufesting á blárrí skyrtu var rifin frá, og sat hnappur eftir í hnappagati, en gat var á skyrtunni eftir festinguna á móts við kragahornið. Þykir þetta benda til þess, að hnappurinn hafi verið rifinn frá, síðast er skyrtan var notuð. Í peysu þeirri, sem afhent var eftir ábendingu kæranda, vantaði þriðja efsta hnapp, og auk þess var efsti hnappurinn brotinn. Geta þessi atriði hvort fyrir sig samræmst því, að ákærði hafi lent í átökum í þessum fatnaði.

X kærði ekki atburðinn strax. Vísaði hún til þess, að hún og S, eiginkona ákærða, hefðu verið kunningjar mörg ár, og því hefði hún ekki verið viss

um, hvað hún ætti að gera. Síðan hafi hún séð, að ekki dygði að byrgja þennan atburð innra með sér, án þess að S vissi nokkuð. Hafi hún því ákveðið að kæra. Má telja þessar skýringar hennar sennilegar, svo að dráttur á kæru verður ekki talinn draga úr sönnunargildi framburðar hennar.

Lýsingar læknis og sálfræðings á ástandi X, sem raktar eru í málavaxta-lýsingu og ekki þykir ástæða til að vefengja, ásamt mati þeirra á viðbrögð-um hennar þykja taka af öll tvímæli um, að hún hafi orðið fyrir áfalli.

Pegar framangreind atriði eru virt í heild, má sjá, að gegn breyttum framburði ákærða stendur staðfastur framburður kæranda. Sýnilegir áverkar eru ekki staðfestir á kæranda, en mjúkáverka þá, sem lýst er í framburði læknisins, verður að telja sannaða. Öll sönnunargögn og atvik styðja framburð kæranda svo glögglega, að hann verður vart dreginn í efa. Þá má telja, að fram séu komin öll þau sönnunargögn, sem unnt var að afla. Verður talið, að fram sé komin nægileg sönnun fyrir því, að ákærði hafi með ofbeldi þvingað X til holdlegs samræðis að morgni 16. febrúar sl. á heimili hennar í Keflavík. Er þetta brot hans réttilega heimfært í ákæru til 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til dómvenju í málum, þar sem sakfelld er fyrir brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er unnt að líta sérstaklega til staðhæfinga um, að ákærði hafi löngum áður áreitt brotþola, en ekki er ákært í þessu máli fyrir annað brot en að framan greinir. Ákærði hefur áður sætt sektum vegna umferðarlagabrota, og skipta þær refsingar ekki máli hér. Refsing ákærða ákveðst fangelsi 15 mánuði.

Miskabótakrafa X styðst við 26. gr. laga nr. 50/1993. Verða bætur til hennar ákveðnar 400.000 kr. Skal sú fjárhæð bera vexti, svo sem í dómsorði greinir, frá því að dómur þessi er kveðinn upp. Til viðbótar ber að ákveða greiðslu kostnaðar af gerð og sókn kröfunnar, 75.000 kr., en þá hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sakarkostnað ber ákærða að greiða. Ákveðst þóknun verjanda hans 85.000 kr., en saksóknarlaun 50.000 kr.

Dóm þennan kveða upp Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, og héraðsdómararnir Gunnar Aðalsteinsson og Sveinn Sigurkarlsson. Dómur er fjölskipaður skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994.

Einn dómara, Gunnar Aðalsteinsson, ályktar þó sem hér segir:

Ákærði neitaði í fyrstu að hafa átt samræði við kæranda, en breytti þeim framburði síðar hjá lögreglu. Þessi fyrstu viðbrögð ákærða hjá lögreglu við alvarlegri kæru, en hann er giftur og þriggja barna faðir, þykja ekki skipta

máli, þegar framburður hans hér fyrir dómi er metinn. Blóðblettir í fötum kæranda þykja ekki heldur hafa úrslitaáhrif á sönnunarmatið, en fyrir dómi gaf ákærði nokkra skýringu á þeim. Hvorki rannsókn á vettvangi né rannsókn á klæðnaði kæranda benti til þess, að átök hefðu farið fram. Við lækni skoðun á ákærða og kæranda komu ekki í ljós neinir sýnilegir áverk- ar, hvorki mar, rispur né bólgur. Engin sýnileg sönnunargögn þykja með ótvíæðum hætti benda til sektar ákærða. Samkvæmt framansögðu yrði sak- felling að byggjast svo til einvörðungu á framburði kæranda. Þegar þetta er virt og aðstæður allar í heild, þykir mér varhugavert að telja nægilegar sannanir fram komnar fyrir sekt ákærða. Ég tel því, að sýkna eigi hann með vísan til 46. gr. laga nr. 19/1991, vísa bótakröfu frá dómi og dæma ríkissjóð til greiðslu sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eggert Karvelsson, sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði greiði X 400.000 kr. í miskabætur með dráttarvöxtum frá 29. október 1997 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. 50.000 kr. í saksóknar- laun til ríkissjóðs og 85.000 kr. í málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hrl.
